

Fundargerð 185. fundar sveitarstjórnar Flóahreppi

Fundarstaður:	Þingborg
Fundardagur:	Miðvikudagur 12. apríl 2017
Fundartími:	13:30 – 19:45
Fundarmenn:	Árni Eiríksson oddviti Margrét Jónsdóttir Svanhvít Hermannsdóttir Sigurbára Rúnarsdóttir Rósa Matthíasdóttir Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Guðmundur Tryggvi og Víðir Þórsson undir lið 1 Auðunn Guðjónsson undir lið 2

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Samþykkt að fundargerð verði rituð á tölvu sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga. Oddviti óskaði eftir breytingu á röðun dagskrárlíða þar sem liður nr. 6. d) færist í lið 7 og liður 7 verður 6. d) Við dagskrána bætist einnið liður 21. Önnur mál, Fundartími sveitarstjórnar. Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Orkugerðin ehf – kynning

Til fundarins mættu Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Víðir Þórsson til þess að fara yfir stöðu mála hjá Orkugerðinni ehf.

2. Ársreikningur Flóahrepps 2016

Til fundarins mætti Auðunn Guðjónsson frá KPMG endurskoðun og kynnti ársreikning Flóahrepps 2016 ásamt endurskoðunaskýrslu.

Ársreikning Flóahrepps 2016 ásamt endurskoðunarskýrslu vísað til annarrar umræðu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

Skipulagsmál:

3. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 129, dags. 09.03.2017

a) Laugardælur: Golfvöllur Selfoss við Svarfhólsvöll: Aðalskipulagsbreyting – 1601028

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003 – 2015, í Flóahreppi, á svæði úr landi Laugardæla. Svæðið er í dag skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Er breytingin gerð vegna fyrirhugaðrar stækkunar golfvallar, Svarfhólsvallar og breytist íbúðarsvæði Í4 og að hluta íbúðarsvæði Í5, í opið svæði til sérstakra nota. Þá breytist um 4 ha landbúnaðarsvæði í opið svæði til sérstakra nota. Tillagan var kynnt frá 16. febrúar til 3. mars og bárust engar athugasemdir.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Miklholtshellir: Svæði fyrir landbúnaðarstarfsemi: Deiliskipulag – 1601002

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að deiliskipulagi fyrir alifuglahús í landi Miklholtshellis í Flóahreppi ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga 12. janúar 2017 með athugasemdafresti til 24. febrúar.

Tvær athugasemdir bárust. Að auki liggur fyrir bréf Nesbúseggja dags. 1. mars 2017 varðandi athugasemd um samning um móttöku skíts frá starfseminni auk tölvupósts dags. 8. mars 2017.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki auglýst deiliskipulag óbreytt. Skipulagsfulltrúa falið að vinna drög að umsögn um athugasemdir sem lögð verða fram við afgreiðslu sveitarstjórnar.

Lögð fram drög að svarbréfi skipulagsfulltrúa vegna innsendra athugasemda. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Súluholt lnr. 166385: Móttaka jarðfna: Framkvæmdaleyfi – 1702060

Lögð fram umsókn Helga Sigurðssonar dags. 20. febrúar 2017 um leyfi til að taka á móti jarðfnum sem sett verða í malargryfjur sunnan vegar nr. 311 og u.þ.b. 1 km austan Súluholtsbæja.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

d) Loftstaðir-eystri: Deiliskipulag – 1501001

Lagður fram lagfærður deiliskipulagsuppdráttur af svæði umhverfis bæjartorfu Loftstaða-Eystri með breytingum til að koma til móts við umsögn Minjastofnunar dags. 17. janúar 2017. Upphaflegt deiliskipulag var auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga þann 25. júní 2015 með athugasemdafresti til 7. ágúst.

Þar sem meira en ár er liðið frá því að athugasemdafrestur rann út þarf að auglýsa deiliskipulagið að nýju. Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna að nýju skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gera þarf minniháttar breytingar á gögnum sem varða nálægð framkvæmda við fornminjar í samráði við skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

e) Hallandi 2 lnr. 198598 Breytt byggingarmagn á lóð: Fyrirspurn – 1702059

Lögð fram fyrirspurn eigenda jarðarinnar Hallandi 2 lnr. 198598 dags. 20. febrúar 2017 um leyfi til að breyta núverandi geymslu (mhl. 04 0101) í íbúðarhúsnæði/gestahús. Þá er einnig óskað eftir leyfi til að breyta gildandi deiliskipulagi á þann veg að byggja megi tvö 40 fm gestahús í stað tveggja 25 fm smáhúsa og að þau verði byggð á svæði töluvert vestan við núverandi byggingarreit.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að deiliskipulagi svæðisins verði breytt til samræmis við ofangreinda umsókn. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu að ræða og mælir hún með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Grenndarkynna þarf breytinguna fyrir eigendum aðliggjandi landa.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

f) Forsæti 3: Umsókn um byggingarleyfi: Geymsla – viðbygging 1702045

Lögð fram umsókn Ólafs Sigurjónssonar dags. 20. febrúar 2017 um leyfi til að byggja við geymslu í landi Forsætis lnr. 166339, mhl 03, 65,3 ferm úr steinsteypu. Heildarstærð eftir stækkun er 212,6 ferm.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina og mælir með að sveitarstjórn vísi afgreiðslu málsins til byggingarfulltrúa með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44 gr. skipulagslaga fyrir eigendum mannvirkja á bæjartorfunni.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

g) Arnarstaðakot: Umsókn um byggingarleyfi: Hesthús – 1702057

Lögð fram umsókn Gunnars Karls Ársælssonar dags. 24. febrúar 2017 um leyfi til að byggja 126,6 ferm og 441,7 rúmm hesthús úr timbri í landi Arnarstaðakots lnr. 166216.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við umsóknina með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga fyrir eigendum Arnarstaða.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

h) Traustholtshólmi lnr. 165505: Uppbygging ferðapjónustu: Deiliskipulag – 1701068

Lögð fram til kynningar lýsing deiliskipulags sem nær til Traustholtshólma í Flóahreppi. Þá er einnig meðfylgjandi bréf dags. 22. febrúar 2017 varðandi aðkomu að svæðinu. Á fundi skipulagsnefndar þann 9. febrúar 2017 var bókað að samþykkt deiliskipulags væri háð breytingu á aðalskipulagi og málinu þá vísað til sveitarstjórnar.

Með vísun til afgreiðslu sveitarstjórnar Flóahrepps frá 8. mars 2017 er afgreiðslu frestað þar til umsagnir hlutadeigandi aðila liggja fyrir.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til umræddar umsagnir liggja fyrir. Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur – 1702041

Lögð fram til kynningar drög að starfsreglum varðandi veitingu leyfa til gistireksturs.

j) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17-49-1702004F dags. 01.03.2017

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. mars 2017.

4. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 130, dags. 23.03.2017

a) Gegnishólapartur land 205691: Akurey: Breytt heiti lóðar – 1703052

Lögð fram umsókn Guðjóns V. Sigurgeirssonar dags. 13. mars 2017 um breytingu á heiti á spildunni Gegnishólapartur land (lnr. 205691) sem er 37,1 ha að stærð. Byggt hefur verið einbýlishús og véla/verkfærageymsla á spildunni. Óskað er eftir að spildan fái nafnið Akurey.

Skipulagsnefnd mælir ekki með að nafnið Akurey verði samþykkt þar sem það heiti er þegar til um lóð í sveitarfélaginu Árborg.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Langholt 1 land 2A lnr. 218349: Landnotkun breytt í verslun- og þjónustu: Aðalskipulagsbreyting – 1703054

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 8. mars 2017 var samþykkt að breyta landnotkun á lóðinni Langholt 1 land 2A (lnr. 218349) úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Lá þá fyrir fundi tillaga að lýsingu deiliskipulags fyrir svæðið.

Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggur tillaga að lýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

c) Bitra land 215992: Stækkun hótels: Aðalskipulagsbreyting – 1611063

Lögð fram að nýju lýsing breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps vegna stækkunar hótels í landi Bitru ásamt umsögnum Skipulagsstofnunar, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Skipulagsnefnd samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að kynna tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn óskar eftir svörum við erindi skipulagsstofnunar dags. 15.02.2017 áður en hún tekur afstöðu til erindisins. Afgreiðslu málsins frestað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Ásahraun lnr. 178801: Gistihús fyrir ferðamenn: Deiliskipulagsbreyting – 1702030

Lögð fram umsókn/fyrirspurn Guðna Torfa Áskelssonar dags. 17. mars 2017 þar sem óskað er eftir leyfi til að reisa 2 stk 11 fm gestahús á lóðinni Ásahraun. Um er að ræða samsett bjálkahús sem verða leigð út í allt að 90 daga á ári.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að veitt verði byggingarleyfi fyrir einu gestahúsi á lóðinni með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum aðliggjandi landa.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

e) Hallandi 2 lnr. 198598: Breytt byggingarmagn á lóð: Fyrirspurn – 1702059

Lögð fram að nýju fyrirspurn eigenda Hallanda 2 þar sem óskað er eftir heimild til að breyta núverandi geymslu sem er á jörðinni í gistihús. Geymslan er 93,7 fm að stærð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að gerð verði breyting á deiliskipulagi svæðisins á þann veg að fram komi að breyta megi núverandi geymslu í gistihús. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu að ræða og mælir nefndin með því að hún verði samþykkt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

f) Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur – 1702041

Lögð fram tillaga að starfsreglum varðandi veitingu umsagna um rekstrarleyfi fyrir gistingu í sumar- og íbúðarhúsum á starfssvæði embættisins.

Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins samþykki fyrirliggjandi tillögur að starfsreglum. Afgreiðslu frestað.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17-50-1703002F dags. 15.03.2017

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 15. mars 2017.

5. Fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita nr. 131, dags. 06.04.2017

a) Langholt 2 lnr. 166249: Tvö ný lögbýli: Fyrirspurn – 1703086

Lögð fram fyrirspurn Ragnars Björgvinssonar dags. 21. mars 2017 um hvort að hefjast megi handa við að útbúa deiliskipulag tveggja lögbýlislóða á sitt hvorri 1,5 – 2 ha landsspildunni úr jörðinni Langholt 2. Gert er ráð fyrir að á hvorri lóð verði byggt íbúðarhús, bílskúr og einnig hesthús/skemma. Er svæðið töluvert austan bæjartorfu norðan megin við Oddgeirshólaveg. Meðfylgjandi er uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu.

Að mati skipulagsnefndar samræmist hugmyndin gildandi aðalskipulagi og gerir nefndin ekki athugasemdir við að unnin verði lýsing deiliskipulags í samræmi við 1. mgr. 40 gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.

b) Vatnsendi: Alifuglabú: Deiliskipulag – 1508012

Lögð fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga deiliskipulag fyrir alifuglabú á jörðinni Vatnsendi í Flóahreppi ásamt umhverfisskýrslu. Tillagan var auglýst 16. febrúar 2017 með athugasemdafresti til 31. mars. Ein athugasemd barst á kynningartíma og auk hennar eru hér lögð fram viðbrögð umsækjenda við henni.

Skipulagsnefnd telur að í bréfi umsækjenda sé svarað þeim atriðum sem fram koma í innkominni athugasemd. Í ljósi þessa er mælt með að sveitarstjórn samþykki deiliskipulagið óbreytt og feli skipulagsfulltrúa að senda málið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

- Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
- c) **Lækjarbakki land 1 lnr. 210365: Lækjarbakki 1 og Sólbakki: Stofnun lóða – 1703089**
 Lögð fram umsókn Guðrúnar Kormáksdóttur dags. 28. mars 2017 um skiptingu spildunnar Lækjarbakki land1 lnr. 210365 í tvennt. Er gert ráð fyrir að stofna 34 ha spildu og óskað eftir að hún fái heitið Lækjarbakki 2. Upprunalandið verður um 33 ha eftir skiptin og breytist heiti þess í Lækjarbakki 1.
Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við skiptingu landsins og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga. Þar sem eingöngu er um innbyrðis skiptingu að ræða en ekki breytingu á hnitsettri ytri afmörkun lands er ekki þörf á samþykki eigenda aðliggjandi landa. Er samþykktin með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar á nýrri vegtengingu.
 Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
- d) **Ármótsflöt 1, 3 og 5: Stóra- og Litla-Ármót: Breyting á lóð nr. 5: Deiliskipulagsbreyting – 1703094**
 Lögð fram umsókn dags. 30. mars 2017 um breytingu á deiliskipulagi íbúðarhúsalóða úr landi Stóra-Ármóts og Litla-Ármóts. Breytingin varðar eingöngu lóð nr. 5 og felst í að hún minnkar lítillega.
Að mati skipulagsnefndar er um óverulega breytingu að ræða og mælir hún með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.
 Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar með 5 atkvæðum.
- e) **Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17-51-1703004F dags. 29.03.2017**
 Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 29. mars 2017.
6. **Aðalskipulag Flóahrepps 2016 -2028**
- a) **Erindi til sveitarstjórnar frá Baldri Eiðssyni**
 Óskað er eftir að í aðalskipulagi verði landnúmerið 205113 ca 20 ha skilgreint sem sumarhúsasvæði.
 Sveitarstjórn samþykkir þessa breytingu með 5 atkvæðum og vísar henni til aðalskipulagsgerðar 2016 - 2029.
- b) **Erindi til sveitarstjórnar frá Ernu Gunnarsdóttur og Jóni Árna Vignissyni**
 Í erindinu er því mótmælt að Urriðafoss og svæðið þar í kring sé sett í varúðarflokk og er óskað eftir því að svæði meðfram Þjórsá, frá neðri Þjórsárbrúnni upp að Vörðuskeri og jafnvel lengra verði sett í flokk afþreyingar og ferðamannasvæða.
 Þar sem svæðið er í biðflokki skv. verndar- og orkunýtingaráætlun ber sveitarstjórn að láta sýna það með þessum hætti í skipulagsgögnum. Sveitarstjórn tekur hins vegar undir með bréfriturum að óeðlilegt sé að takamarka nýtingu á landi innan sveitarfélagsins með þessum hætti vegna framkvæmda sem óvíst er um að verði nokkun tíman að veruleika. Sveitarstjórn bendir á að landið er í einkaeigu og fullt samráð þarf að vera við landeigendur varðandi allar breytingar á skipulagi landnotkunar.
 Samþykkt með 5 atkvæðum.
- c) **Erindi til sveitarstjórnar frá Hákonni Kjalari Hjördísarsyni**
 Í erindinu er því mótmælt að land lögbýlisins Trausholtshólma sé skilgreint undir hverfisvernd í skipulagsgögnum.
 Sveitarstjórn samþykkir að landnotkun býlisins verði breytt og í nýju aðalskipulagi verði land jarðarinnar skilgreint sem landbúnaðarland án hverfisverndar.
 Samþykkt með 5 atkvæðum
- d) **Erindi til sveitarstjórnar frá Torfa Áskelssyni Ásahrauni**

Í erindinu er óskað eftir heimild sveitarstjórnar til þess að setja upp 2 gistitunnur á lóð við íbúðarhús í Ásahrauni. Einnig er óskað eftir því að íbúðarlóðinni verði breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Sveitarstjórn vísar til afgreiðslu á fundargerð skipulagsnefndar Uppsveita nr. 130, dags. 23.03.2017 í lið 4. d) hér fyrir framan varðandi leyfi fyrir gestahús.

Afgreiðslu á ósk um breytingu á landnotkun úr landbúnaðarlandi yfir í verslun og þjónustu frestað þar til fyrir liggja niðurstöður grenndarkynningar sbr. afgreiðslu í lið 4. d) hér fyrir framan.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Aðalskipulagsgögn til auglýsingar – afgreiðsla sveitarstjórnar

Lögð fram til afgreiðslu tillaga að aðalskipulagi Flóahrepps 2016 – 2028. Sveitarstjórn samþykkir framlögð skipulagsgögn með þeim breytingum sem fram koma í lið 6. a) b) og c) hér fyrir framan. Þá vill sveitarstjórn enn fremur að það komi fram að þar sem skipulagsvald á virkjunarsvæðinu við Urriðafoss er takmarkað í höndum sveitarstjórnar þá er hvatt til þess að við afgreiðslu Alþingis á tillögu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, verði virkjunarkostur við Urriðafoss færður í verndarflokk meðan ekki liggja fyrir óyggjandi rök fyrir því að náttúra og lífríki svæðisins njóti ásættanlegrar verndar við það rask sem virkjun hefði í för með sér. Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Erindi frá Andra Þorsteinssyni og Gunnellu Vigfúsdóttur - lögbýlisumsókn

Óskað er umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps vegna stofnunar lögbýlis á landi nr. 195512 úr landi Egilsstaða 1. Fyrirhugað er að nefna býlið Lynghæð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn um lögbýli en vísar tillögu að nafni til umsagnar skipulagsfulltrúa Uppsveita.

Samþykkt með 5 atkvæðum

9. Erindi frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps – svar við erindi sveitarstjórnar 16.02.2017

Lagt fram til kynningar.

10. Erindi frá SASS – upplýsingaöflun vegna smávirkjana

Sveitarstjóra falið að svara erindinu og senda upplýsingar vegna áætlana um smávirkjun í Selparti. Ákveðið að auglýsa á heimasíðu sveitarfélagsins eftir upplýsingum frá íbúum sveitarfélagsins varðandi erindið.

Samþykkt með 5 atkvæðum

11. Umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar um rekstrarleyfi – Country Dream Langholti 2

Óskað er umsagnar sveitarstjórnar skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr 85/2007 vegna umsóknar um rekstrarleyfi frá Country Dream, Langholti 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins að því tilskildu að ekki komi athugasemdir frá byggingarfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands eða Brunavörnum Árnassýslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Umsögn sveitarstjórnar um tillögu til þingályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 378 mál.

Lagt fram til kynningar án athugasemda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

13. Erindi til sveitarstjórnar frá Lilju Maríu Gísladóttur

Athugasemd við bókun sveitarstjórnar. Í erindinu er tekið fram að innsent erindi bréfitara á 183. fundi sveitarstjórnar, var ekki lagt fyrir íbúa um leið og

undirskriftalisti þar sem mótmælt var sölu Félagslundar heldur er það aðeins hugleiðingar hennar sjálfrar.

Erindið lagt fram til kynningar.

14. Erindi til sveitarstjórnar frá Piu Schmauder

a) Tímasetning skólaráðsfundar

Í erindinu er því mótmælt að fulltrúar nemenda í skólaráði hafi ekki átt þess kost að mæta á skólaráðsfund vegna þess að þeir voru fulltrúar Flóaskóla í Skólahreysti á sama tíma.

Sveitarstjórn tekur undir með bréfitara að tímasetning fundarins hafi verið óheppileg með tilliti til þess að nemendur hafi þurft að velja milli þess að mæta fyrir hönd skólans á Skólahreysti og þess að vera málssvarar nemenda í skólaráðinu. Erindinu vísað til fræðslunefndar til frekari umfjöllunar og afgreiðslu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Starfskynning/Smiðjuhelgar Flóaskóla

Í erindinu er farið yfir mikilvægi þess að grunnskólar haldi úti öflugum valáföngum og bent á að núverandi fyrirkomulag „smiðjuhelgar“ komi ekki í stað valáfanganna eins og þeir voru byggðir upp áður.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að gott samtal þarf að fara fram milli foreldra og skólastjórnenda um fyrirkomulag valgreina. Mikilvægt er að skólinn uppfylli þau viðmið sem eru í viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla skv. aðalnámsskrá grunnskóla.

Sveitarstjórn vísar erindinu til fræðslunefndar til frekari skoðunar og afgreiðslu. Samþykkt með 5 atkvæðum.

15. Erindi til sveitarstjórnar frá Hreggviði Hermannssyni

Í erindinu eru gerðar athugasemdir við verklag byggingarfulltrúa Uppsveita. Þ.m.t. að ekki samræmist lögum að byggingarmeistari og byggingarstjóri húss sé sami aðilinn.

Erindinu er vísað til Skipulagsfulltrúa Uppsveita sem er næsti yfirmaður byggingarfulltrúa og yfirmaður embættisins. Sveitarstjóra falið að kanna hvort hugsanlega leynist gögn sem leitað hefur verið að í geymslum sveitarfélagsins í Þingborg .

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Launakjör kjörinna fulltrúa og starfsmanna Flóahrepps – frestað mál á 179. fundi SF

Lögð fram tillaga sveitarstjórnar um að ákvörðun kjararáðs frá því 30. október 2016 taki gildi gagnvart sveitarstjórn, nefndum og sveitarstjóra frá og með 1. maí 2017. Greiðslur til fræðslunefndar:

Laun fræðslunefndarformanns verði 3 % af þingfararkaupi laun annarra fræðslunefndarmanna 2 % að þingfararkaupi, áheyrnarfulltrúar fái 12.000 kr fyrir hvern setinn fund.

Formenn annarra nefnda fá 2,5 % að þingfararkaupi fyrir hvern fund og aðrir nefndarmenn 1,5 % af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund.

Fyrir heilsdagsfund utan sveitar eru greidd 3 % af þingfararkaupi og fyrir styttri fundi 1,5 % af þingfararkaupi.

Bókun sveitarstjóra:

Undirrituð samþykkir fyrir sitt leyti þann hluta bókuar sem snýr að ráðningarsamningi hennar frá og með 1. nóvember 2016 til 1. apríl 2017 og afsalar sér hér með þeim hluta launa sem hefði numið hækkun samkvæmt ákvörðun kjararáðs og var hluti af ráðningarsamningi milli hennar og Flóahrepps.

Eydís Þ. Indriðadóttir

Sveitarstjórn afsalar sé launahækkun fyrir sama tímabil og sveitarstjóri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Erindi frá félagi lesblindra á Íslandi – styrkbeiðni

Lagt fram erindi frá félaginu þar sem óskað er eftir 25.000 kr styrk vegna ráðstefnu þar sem kastljósinu er beint að líðan lesblindra. Ráðstefnan er opin öllum en sérstaklega ætluð kennurum, námsráðgjöfum, íþróttáþjálfurum og foreldrum. Sveitarstjórn samþykkir styrk kr 10.000. Bókast á lið nr. 0481 – 9991.

Samþykkt með 5 atkvæðum

18. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

19. Fundargerðir:

- a) **Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 184, dags. 08.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) **Minnispunktar funda sveitarstjórnar Flóahrepps með nefndum dags. 25.01.2017 og 08.02.2017**
Minnispunktarnir lagðir fram til kynningar.
- c) **Minnispunktar fundar oddvita og sveitarstjóra Flóahrepps með HES dags. 28.03.2017**
Minnispunktarnir lagðir fram til kynningar.
- d) **Æskulýðs- og tómstundanefndar/ungmennaráðs Flóahrepps nr. 31, dags. 13.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) **Starfshóps Árborgar um ferðaþjónustu nr. 14, dags. 22.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) **Stjórnar byggðasamlags um Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) **NOS dags. 06.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- h) **Skólalþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna nr. 20 dags. 15.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- i) **Stjórnar Listasafns Árneshöfna dags. 28.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- j) **Stjórnar Brunavarna Árneshöfna nr. 13, dags. 14.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) **Fagráðs Tónlistarskóla Árneshöfna nr. 180, dags. 14.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- l) **Fagráðs Tónlistarskóla Árneshöfna nr. 181, dags. 21.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- m) **Stjórnar Bergrisans bs. nr. 23, dags. 20.02.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- n) **Aukaaðalfundar þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðra dags. 21.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- o) **Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 178, dags. 17.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- p) **Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr 254, dags. 22.03.2017**
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- q) **Stjórnar SASS nr. 517, dags. 03.03.2017**
- r) Sveitarstjórn tekur undir bókun fundarins lið nr. 6. f, þar sem Stjórn SASS lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með að dregið verði úr fjárframlögum til vegamála á landsbyggðinni. Stjórnin furðar sig enn fremur á að samgönguáætlun sem fjölmörgum var send til umsagnar og samþykkt var samhljóða á Alþingi í október

2016, skuli meðhöndluð sem alger markleysa. Hvað varð um samráðið og samtalið sem sífellt er boðað? Stjórn SASS telur að ráðherra og ríkisstjórn fari fram í fullkomnu heimildarleysi með breytingu á forgangsröðun samgönguáætlunar án þinglegrar meðferðar.

Fundargerðin að örðu leyti lögð fram til kynningar.

s) Stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga nr. 29, dags. 10.03.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

t) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 847, dags. 24.02.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

u) Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 848, dags. 24.03.2017

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

20. Efni til kynningar:

a) Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2016

b) Frá Ferðamálastofu – Ákvörðun um styrkveitingar úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða

c) Frá HES til Orkugerðarinnar ehf, dags. 27.03.2017

d) Frá Landsvirkjun vegna heildarúttektar og greiningar á stöðu skipulags- og lóðamála á Þjórsár-/Tungnársvæði

e) Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – tilkynning um skil starfshóps – fyrirhugaðar breytingar á lögum um persónuvernd

f) Frá nefndarsviði Alþingis – frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga ásamt innsendri athugasemd Flóahrepps

g) Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis – frumvarp til laga um Umhverfisstofnun

h) Frá HES – Eftirlit í Félagsheimilinu Þingborg

i) Erindi frá HSK dags. 06.04.2017 – ásamt ársskýrslu 2016

21. Fundartími sveitarstjórnar.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður haldinn 26. apríl 2017 klukkan 14:00 í Þingborg.

Árni Eiríksson (sign)

Margrét Jónsdóttur (sign)

Svanhvít Hermannsdóttir (sign)

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)